



Borgarráð

Viðaukar við fjárhagsáætlun 2020

1. Viðbótarframlag til Listahátíðar í Reykjavík 2020

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs hækki um 3.000 þ.kr. vegna viðbótarframlags til Listahátíðar í Reykjavík 2020. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-3.000
MOF	xxx	Listahátíð í Reykjavík	Til	3.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs, 16. janúar 2020 um máls R19120039 þar beiðni um viðbótarframlag til Listahátíðar í Reykjavík í tilefni af 50 ára stórafmælisári hátíðarinnar var samþykkt.

2. Fjárheimild vegna útvíkkunar á starfsemi Afleysingarstofu

Lagt er til að fjárheimildir mannauðs- og starfsumhverfissviðs hækki um 16.200 þ.kr. vegna útvíkkunar á starfsemi Afleysingarstofu. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-16.200
MOS	xxx	Útvíkkun Afleysingarstofu	Til	16.200
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs, 23. janúar 2020 um mál R19120135 þar sem samþykkt var að útvíkka starfsemi Afleysingarstofu þannig að í stað þess að þjónustan sé einvörðungu í boði

fyrir leikskóla borgarinnar verði hún aukin og standi grunnskólum og frístundaheimilum jafnframt til boða.

3. Fjárheimild vegna innleiðingu á heildstæðri áhættustýringu

Lagt er til að fjárheimildir fjármála- og áhættustýringarviðs hækki um 45.500 þ.kr. vegna innleiðingu og framkvæmd á heildstæðri áhættustýringu hjá Reykjavíkurborg. Kostnaðaraukinn verði að hluta fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð og að hlut með tilfærslu fjárheimildar frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-35.500
RHS	xxx	Skrifstofa borgarstjóra- og borgarritara	Til	-10.000
FÁST	xxx	Innleiðing áhættustýringar	Til	45.500
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs, 23. janúar 2020 um mál R20010248 þar sem samþykkt var að hækka fjárheimildir vegna innleiðingar áhættustýringar sem nemur 45,5 m.kr.

4. Fjárheimildir velferðarsviðs

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 160 m.kr. vegna sammings við Félagsbústaði. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-160.000
VEL	xxx	Félagsbústaðir	Til	160.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar.

Greinargerð:

Við frágang fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020 urðu þau mistök að ekki var áætlað fyrir samþykktum kostnaðarauka vegna leigu Reykjavíkurborgar á sameiginlegum rýmum í þjónustuhúsum aldraðara og/eða fatlaðra hjá Félagsbústöðum, sbr. samþykkt borgarráðs dags. 18. júlí 2019. Áætlað var að kostnaðarauki næmi samtals 81,7 m.kr.

Forsaga málsins er sú að við frágang fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019 var ráðstafað 160 m.kr. til sviðsins til þess að mæta fyrirséðum kostnaðarauka vegna leigu Reykjavíkurborgar á sameiginlegum rýmum og öðrum aðgerðum til að mæta almennri þörf Félagsbústaða fyrir leiguverðshækkun. Samþykkt borgarráð þann 18. júlí 2019 var fjármögnuð af þessu viðbótarfjármagni.

Við frágang fjárhagsáætlunar 2020 taldi fjármála- og áhættustýringarvið að 160 m.kr. fjárheimild hefði endurnýjast með hefðbundnum hætti meðal óbundinna liða og var því gerð

tillaga milli umræðna í desember 2019 um lækkun fjárheimildarinnar um 78,3 m.kr. þar sem kostnaðarauki væri aðeins 81,7 m.kr. Við frágang fjárhagsáætlunar eftir samþykkt í desember sl. kemur hins vegar í ljós að fjárheimildin hafði verði vistað undir bundnum liðum sviðsins og við frágang fjárhagsáætlunar hafði láðst að taka tillit til breytinganna á leigunni sem samþykktar voru í borgarráði þann 18. júlí. Í þessu flest að inn í ramma sviðsins vantar fjárheimild fyrir viðkomandi kostnaðarauka 81,7 m.kr. auk þess sem nauðsynlegt er að bakfæra þann frádrátt sem gerður var á ramma sviðsins á milli umræðna 78,3 m.kr. eða samtals 160 m.kr.

5. Afmælishátíð Vigdísar Finnbogadóttur

Lagt er til að fjárheimildir skrifstofu borgarstjóra og borgarritara hækki um 3 m.kr. vegna styrkveitingar í tilefni afmælishátíðar Vigdísar Finnbogadóttur. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-3.000
SBB	09207	Styrkur v. afmælishátíðar Vigdísar Finnbogadóttur	Til	3.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar.

Greinargerð:

Hinn 15. apríl nk. verður Vigdís Finnbogadóttir 90 ára og þann 29. júní sama ár verða liðin 40 ár frá sögulegu forsetakjöri hennar. Á þessum merku tímamótum munu Háskóli Íslands og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum í samvinnu við ríkisstjórn Íslands og Reykjavíkurborg heiða Vigdísi með því að standa fyrir myndarlegri afmælishátíð í Háskólabíói.

6. Food and fun styrkir

Lagt er til að fjárheimildir mennigar- og ferðamálasviðs hækki um 2,5 m.kr. vegna styrkveitingar Food and Fun hátíðarinnar. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-2.500
SBB	01100	Styrkur v. Food and Fun	Til	2.500
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar.

Greinargerð:

Food and Fun matarhátíðin hefur farið fram í Reykjavík um árabíl og er nú haldin í 19. skiptið. Gestir á hverju ári eru um 12.000-15.000 manns af öllum þjóðernum. Borgin hefur nær alltaf styrkt hátíðina enda er hún ein þeirra hátíða sem laða að gesti og íbúa inn á veitingastaði borgarinnar. Matarmenning í Reykjavík hefur tekið stórstígum breytingum á undanförunum árum og hefur þessi meirihluti reynt að lyfta því sem vel er gert í matarmenningu og stuðla að

Því að Reykjavík geti státað sig af því að vera matarborg. Hvort sem það er Matarhátíð alþýðunnar sem fram fer á Skólavörðustíg, Street Food götubítahátíðin á Miðbakkanum eða Food and Fun hátíðin, þá stuðla þær allar að bættri matarmenningu í Reykjavík og gerir þannig borgina að eftirsóttum stað til að búa á og heimsækja.

Dagur B. Eggertsson